

Barnakór Árbæjarkirkju

Þessa dagana er að hefjast vetrarstarf Barnakórs Árbæjarkirkju og verður fyrsta æfingin næstkomandi föstudag, 17. september.

Öll börn á aldrinum 7-14 ára eru velkomin í kórinn og verður æft síðdegis á föstudögum í yngri og eldri deild. Á efnisskránni í vetur er fjölbreytt tónlist, bæði kirkjuleg og veraldleg og er ýmist sungið einradda eða fjölradda. Þá mun kórinn koma fram í messum og syngja við ýmis önnur tækifæri.

Yngri deildin er fyrir börn á aldrinum 7-9 ára og æfir sá hópur á föstudögum frá 14.30-14.50.

Eldri deildin er fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-14 ára og er æft á föstudögum frá 14.50-15.30.

Stjórnandi kórsins í vetur er Margrét Sigurðardóttir sem leikur einnig með kórnum á píanó. Margrét hefur víðtæka tónlistarreynslu, lauk 2004 postgraduate diploma í klassískum söng og söngkenndu frá Royal Academy of Music í London og hefur stjórnað ýmsum kórum, tekið þátt í tónleikahaldi og kennt tónlist, bæði börnum og fullorðnum.

Þú ert velkomin (n)

